


Flokkun sérstöðu og vaxtartækifæra þjóðfundar Vesturlands



Hugmyndir/sérstöður

1. Frítímaiðja
2. Náttúrutengd ferðaþjónusta
3. Sagnaarfur/sögutengd ferðaþjónusta
4. Heilsulindir/heilsuþjónusta - ferðaþjónusta
5. Háskólar, frumkvöðlasetur, iðngarðar
6. Alþjóðlegur þjörgunarskóli
7. Kona Evrópu
8. Sjávarföll í Hvammsfirði – óvirkjuð orka
9. Breiðafjörður – uppspretta tækifæra
10. Jarðfræði svæðisins – öll jarðsaga Íslands
11. Grunnafjörður – Votlendi Mýranna (dulúð)
12. Deildartunguhver – vatnsmesti hver Evrópu
13. Snæfellsjökull/þjóðgarðurinn/þjóðsagan
14. Griðungurinn - ímynd Vesturlands
15. Matarkistan Vesturland

Sérstaða:

Fritíma- og lífsstílsíðja

Staða sérstöðunnar nú:

Vesturland liggur nærri höfuðborgarsvæðinu og er því ákjósanlegur áfangastaður til frístundaiðju og dægradvalar. Þar er fjölbreytt náttúrufar, menning og mikill sagnaarfur sem gefur tilefni til fjölbreyttrar uppbyggingar. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er yst á Snæfellsnesi og friðlönd víða um Vesturland. Boðið er upp á náttúruskoðunarferðir bæði á sjó og landi. Einnig er víða boðið upp á stangveiði. Landnámssetur í Borgarnesi er m.a. tileinkað Egilssögu, Sögumiðstöðin Eyrbyggja er í Grundarfirði, tilgátuhús er á Eiríksstöðum í Dölum auk minni safna og sýninga víða um Vesturland. Þá eru Snorra gerð skil í Snorrastofu í Reykholti. Að öðru leyti er stórmenna sögunnar í litlu minnst fyrir utan stöku minnisvarða.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Ráðist verði í að nýta betur sérstöðu svæðisins í þágu ferðaþjónustu og annarrar fritímaiðju. Hugmyndin sameinar allar ferðaþjónustuhugmyndir og aðrar þeim tengdar hér að aftan. Ítarlegri upplýsingar má því finna.

Nýjar vörur: Miðaldaböð við Deildartunguhver og baðstaðir við aðrar náttúrulegar heilsulindir. Bætt aðgengi að náttúrperlum. Ýmis náttúrulífsskoðun og nýting náttúrauðlinda. Sagnaarfur svæðisins og sögusvið hans gert áhugaverðara og sýnilegra.

Nýir markaðir: Víkka út markaðinn og/eða markhópin og herja frekar á þann sem fyrir er. Höfða til náttúruunnenda, ljósmyndara og fræðimanna svo einhverjir séu nefndir.

Tengdir aðilar: Ýmis önnur þjónustufyrirtæki á svæðinu svo sem; hópferðafyrirtæki, verslun, gisting, veitingastaðir, leiðsögumenn og skólar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Auka samvinnu aðila á svæðinu. Þar voru nefndar mennta- og rannsóknastofnanir á svæðinu og einnig matvælaframleiðendur.

Aðgerðir: Samantekt og úrvinnsla á aðgengilegum gögnum um sérstöðuna, sem er m.a. Egilssaga, Snorri Sturluson, Eyrbyggja, Snæfellsjökull (Jules Verne), Deildartunguhver, jarðfræði svæðisins, Breiðafjarðareyjar og fjölbreytt fuglalíf. Bæta aðgengi. Markaðssetja svæðið betur; perlur eins og Breiðafjarðareyjar, Snæfellsnes (þjóðgarður), Ramsar svæði í Leirárvogi (Grunnafjörður) og Reykholt (Snorri). Tengja við Íslendingasögur Vesturlands. Merkja leiðir/kort. Búa til tómsundanámskeið. Tengja inn í formlegt skólakerfi bæði héraendis og erlendis. Semja og selja fræðslufni.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Ferðamálaáætlun, menningaráætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Atvinnuráðgjöf Vesturlands gæti lagt til arðsemisgreiningarvinnu og rekstraráætlanir. Símenntunarmiðstöð gæti lagt til námskeið í sagnamennsku og fleira þessu tengt.

Þjóðfundur

Vesturlandi

Vægi í forgangi: _____

Sérstaða:

Náttúrutengd ferðapjónusta

Staða sérstöðunnar nú:

Náttúrutengd ferðapjónusta gæti verið meiri á Vesturlandi. Sérstaða Vesturlands felst í eftirfarandi: Jöklnir, eyjarnar á Breiðafirði, vatnsmesti hver Evrópu, heitt ölkelduvatn, margar kaldar ölkeldur, einstök jarðfræðileg fjölbreytni (Snæfellsnes), Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull - eini þjóðgarðurinn á Íslandi sem nær að sjó, hæsti foss Íslands, fengsælar laxveiðiar, Ramsar-svæði í Grunnafirði, fjölbreytt fuglalíf og fjölbreytt lífríki Breiðafjarðar. Fjölbreyttar strendur og gott aðgengi að þeim. Eldfjallasafn og Vatnasafn í Stykkishólmi. Fagleg upplýsingagjöf um náttúruferðir svæðisins í Gestastofu Þjóðgarðsins og Eldfjallasafninu. Green Globe vottun er á Snæfellsnesi.

Á Vesturlandi er víða boðið upp á skipulagða náttúruskoðun, jafnt á landi sem sjó. Þá er allnokkur sportveiði stunduð á svæðinu og fjöldi ferðamanna fer um Vesturland á eigin vegum til að njóta náttúrunnar.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Ráðist verði í að nýta betur náttúruperlur svæðisins í þágu ferðapjónustu.

Nýjar vörur: Miðaldaböð við Deildartunguhver og annarskonar náttúruböð. Bætt aðgengi að Grunnafirði, votlendi Mýranna og jarðmyndunum svæðisins, einkum á Snæfellsnesi. Fuglaskoðun, gönguferðapjónusta, sjó- og strandstangveiði, kræklingatínsla, hellaskoðun og jarðfræðinámskeið.

Nýir markaðir: Víkka út markaðinn og/eða markhópin og herja frekar á þann sem fyrir er. Höfða til náttúruunnenda, ljósmyndara, jarðfræðinga og líffræðinga svo einhverjir séu nefndir.

Tengdir aðilar: Aðilar í sögu-, heilsu- og fræðslutengdri ferðapjónustu. Ýmis önnur þjónustufyrirtæki á svæðinu svo sem; hópferðafyrirtæki, verslanir, gististaðir, veitingastaðir, leiðsögumenn og skólar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Auka samvinnu aðila á svæðinu, einkum mennta- og rannsóknastofnana. Símenntunarmiðstöðin, Náttúrustofa, Háskólaasetur Snæfellsness í Stykkishólmi, Vör í Ólafsvík, Eldfjallasafnið og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

Aðgerðir: Samantekt og úrvinnsla á aðgengilegum gögnum um sérstöðuna, meðal annars um Snæfellsjökull (Jules Verne), Deildartunguhver, jarðfræði svæðisins, Breiðafjarðareyjar og fjölbreytt fuglalíf. Auðvelda aðgengi. Kynna betur svæðið. Markaðssetja perlur eins og Breiðafjarðareyjar, Snæfellsnes (þjóðgarður), Ramsar svæði í Leirávogi (Grunnafjörður) og Reykholt (Snorri). Tengja við Íslendingasögur Vesturlands. Merkja leiðir/kort. Búa til tómtunda- og fræðslunámskeið. Tengja inn í formlegt skólakerfi bæði héraendis og erlendis.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Ferðamálaáætlun, menningaráætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Atvinnuráðgjöf Vesturlands gæti lagt til arðsemisgreiningarvinnu og rekstraráætlanir.

Þjóðfundur **Vesturlandi** Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: **Sagnaarfur/sögutengd ferðabjónusta**

Staða sérstöðunnar nú:

Sögutengd ferðabjónusta gæti verið meiri á Vesturlandi. Á Vesturlandi er sögusvið nokkurra stærstu Íslendingasagnanna eins og Egilssögu, Eyrbyggju, Laxdælu og Eiríks sögu Rauða. Þá bjuggu þar aðsópsmiklir athafnamenn fyrr á öldum eins og Snorri Sturluson, Auður Djúpúðga, Guðríður Þorbjarnardóttir, Björn Breiðvíkingakappi, Snorri Goði og Ari fróði, svo einhverjir séu nefndir. Einnig er mjög mikið af mannvistarminjum sem ekki hafa verið rannsakaðar.

Á Vesturlandi er Landnámssetur í Borgarnesi tileinkað Egilssögu að nokkru leyti, einnig er tilgátuhús að Eiríksstöðum í Dölum. Eyrbyggja,- Sögumiðstöð er í Grundarfirði og Snorra eru gerð skil í Reykholti. Annarra/annars er í litlu minnst fyrir utan stöku minnisvarða.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Ráðist verði í að nýta betur vannýtta sérstöðu á þessu sviði í tengslum við Snorra, Egil, Skallagrím, Ara fróða o. fl.

Nýjar vörur: Sýningar, snertisýningar, fræðsluferðir, söguslóðaskoðun og leiðsögn. Tilgátuhús í Reykholti, miðaldaböð, sýning um tengsl Snorra og Tolkien, endurgerð sögulegra atburða og rannsóknir. Sagnamennska, sagnanámskeið, fræðibækur og þýðing sagna til útflutnings, Minjagripir og matur með sögu.

Nýir markaðir: Víkka út markaðinn eða markhópin og herja frekar á þann sem fyrir er. Höfða til innlendra og erlendra ferðamanna með áhuga sögu. Má þar nefna skóla, sagnfræðinga, bókmenntafræðinga, kvikmyndagerðarmenn, rithöfunda, listamenn, víkingaáhugafólk, veitingaaðila, handverksmenn, sagnamenn, hönnuði og CCP tölvuleikjahönnuði. Ennfremur skólahópa ungmenna og unglinga.

Tengdir aðilar: Ferðabjónustufyrirtæki á svæðinu, ýmsir þjónustuaðilar svo sem hópferðafyrirtæki, verslanir, gististaðir, veitingastaði, leiðsögumenn og skólar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Auka samvinnu eftirfarandi aðila á svæðinu: Snorrastofu, Landnámsseturs, háskólasetra og skólastofnana, einkum háskóla og Símenntunarmiðstöðvarinnar.

Aðgerðir: Fyrir utan almennt markaðsstarf þarf að kynna niðurstöður rannsókna. Merkja kort betur. Auðvelda aðgengi. Kynna svæðið betur. Búa til tómsunda- og fræðslunámskeið. Tengja inn í formlegt skólakerfi bæði hérlendis og erlendis.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Ferðamálaáætlun, menningaráætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Atvinnuráðgjöf Vesturlands gæti lagt til arðsemisgreiningarvinnu og rekstraráætlanir. Símenntunarmiðstöð námskeið í sagnamennsku og fleira þessu tengt.

Þjóðfundur Vesturlandi Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Heilsulindir/heilsuþjónusta – ferðaþjónusta

Staða sérstöðunnar nú:

Víða er að finna heitt vatn á Vesturlandi. Þar er vatnsmesti hver í Evrópu í Deildartungu, á Lýsuhóli er heit ölkelda og mikill fjöldi kaldra ölkelda í nágrenni hennar. Þá er heilnæmi heita vatnsins í Stykkishólmi með alþjóðlega vottun. Góð laugaraðstaða er víða á Vesturlandi. Þá hefur sjúkrahúsið í Stykkishólmi skapað sér sérstöðu í baklækningum. Green Globe vottun er á Snæfellsnesi.

Heilsutengd ferðaþjónusta hefur verið í vexti á Vesturlandi, einkum í tengslum við Stykkishólm.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Ráðist verði í að nýta möguleika í heilsutengdri starfsemi.

Nýjar vörur: Miðaldaböð, heilsuefling í Stykkishólmi, uppbygging kringum heita ölkelduvatnið á Lýsuhóli.

Nýir markaðir: Víkka út markaðinn eða markhópin og herja frekar á þann sem fyrir er. Höfða til innlendra og erlendra ferðamanna, heilsuferðamanna.

Aðgerðir: Umhverfisvottun alls svæðisins (Green Globe sem dæmi) og bæta samgöngur.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Heilbrigðismálaáætlun, ferðamálaáætlun, menningaráætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Atvinnuráðgjöf Vesturlands gæti lagt til arðsemisgreiningarvinnu og rekstraráætlanir.

Þjóðfundur Vesturlandi Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Háskólar, frumkvöðlasetur og iðngarðar

Staða sérstöðunnar nú:

Á Vesturlandi eru tveir háskólar auk nokkurra háskóla- og rannsóknarsetra. Þetta eru Háskólinn á Bifröst (HB), Landbúnaðarháskóli Íslands (LBHÍ), Snorrastofa, Vör og Háskólasetur Snæfellsness. Þetta gefur færi á nýsköpun ef tenging næst við atvinnulífið.

Stór iðnfyrirtæki eru á Vesturlandi. Starfsemin á Grundartanga er gott dæmi um það. Þar eru tvær starfandi stóriðjur, Elkem á Íslandi og Norðurál. Þá er fyrirhuguð bygging á sólarkísilverksmiðju þar. Þar er góð grunngerð. Þá eru stór iðnfyrirtæki í Borgarfirði og Snæfellsnesi.

Þess vegna eru góðar aðstæður til að leggja drög að uppbyggingu atvinnulífs á Vesturlandi með því að stofna iðngarða og þróunarsetur á fáeinum stöðum í nánnum tengslum við háskólanna.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Ráðist verði í nýsköpun á Vesturlandi byggðri á bættu sambandi atvinnulífs og skóla.

Ný fyrirtæki: Frumkvöðlasetur, rannsóknarsetur, iðngarðar á Grundartanga, málmiðnaðarfyrirtæki, framleiðslufyrirtæki í inn og útflutningi, flutningafyrirtæki og rannsóknarfyrirtæki.

Nýjar vörur: Nýjar námsbrautir í tengslum við markmiðið. Nýjar vörur vegna smitáhrifa (e. spillover). Frekari fullvinnsla á afurðum stóriðjunnar og annarra iðnfyrirtækjanna.

Nýir markaðir: Erlendir markaðir og aukning hlutdeildar í innanlandsmarkaði. Markhóparnir eru m.a. aðilar í háskólaumhverfinu, ráðgjafar og rannsóknaraðilar, iðnfyrirtæki, hátækniíðnaður, hönnuðir og handverksfólk.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Samstarf atvinnulífs og skóla.

Aðgerðir: Margar aðgerðir voru nefndar, m.a. að hanna námsbrautir, staðsetja tengdar opinberar stofnanir á svæðinu, tengja háskólanám við lykilatvinnugreinar á svæðinu, stofna þróunarsetur og vöruþróun samhliða markaðssetningu og -rannsóknum.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Menntaáætlun, vísinda- og tækniáætlun, nýsköpunaráætlun, samgönguáætlun, byggðaáætlun, áætlun í nýtingu orkulinda, umhverfisáætlun og landsskipulagsáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Samgönguráðuneytið leggi til drög að frekari eflingu Grundartangahafnar sem inn- og útflutningshafnar landsins. Sennilega er aðstaða hvergi betri á landinu fyrir stórskipahöfn.

Menntamálaráðuneyti komi að stofnun þróunarseturs á Vesturlandi við háskóla, einkum á sviði verkfræði, tölvunarfræði eða einhverra raunvísindagreina.

Þjóðfundur **Vesturlandi** Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: **Alþjóðlegur björgunarskóli**

Staða sérstöðunnar nú:

Björgunarskólinn á Gufuskálum hefur verið rekinn í langan tíma. Hann hefur sinnt þjálfun björgunarsveita og hafði sú björgunarsveit sem fór frá Íslandi til Haítí nýlokið þjálfun þar.

Aðstaða þar þykir mjög einstök og heppileg. Þar er mjög fjölbreytt náttúra (jökull, hraun, sjór, klettur o.s.frv.) á ákaflega litlu svæði ásamt góðri aðstöðu fyrir nemendur. Aðstaðan er vannýtt.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Að ráðist verði í að markaðssetja aðstöðuna erlendis. Leitast verði eftir að höfða til ríkisstjórna í þeim tilgangi að þjóna eftirfarandi aðilum:

- Björgunarsveitir og friðargæslusveitir
- Fjallaleiðsögumenn
- Lögregla, slökkviliðs- og sjúkraflutningamenn
- Her og strandgæsla
- Skátahreyfingin

Hér er því um að ræða nýjan markað og það mun líklega leiða til vöruþróunar. Í einhverjum tilvikum kann þetta að kalla á samstarf við erlendar stofnanir, opinber embætti eða félagasamtök.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun, menntaáætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Kanna þarf hvort dómsmálaráðuneytið geti orðið að liði í samskiptum við erlendar ríkisstjórnir þar sem þessi mál heyra yfirleitt beint undir varnarmálaráðuneyti þeirra. Þá kann Útflutningsráð að geta orðið að liði í markaðssetningu erlendis gagnvart einkaaðilum eins og t.d. fjallaleiðsögumönnum. Opinberir styrkir kynnu að vera nauðsynlegir til markaðssetningar og vöruþróunar.

Atvinnuráðgjöf Vesturlands geri viðskiptaáætlun.

Ennfremur þarf að huga að því hvort eftirfarandi þættir séu fullnægjandi

- Fjarskipti
- Hafnaraðstaða
- Flugstjórnartæki

Vitað er að vegir og flugvellir eru til staðar og í lagi.

Þjóðfundur Vesturlandi Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Kona Evrópu

Staða sérstöðunnar nú:

Engin útfærsla þessarar hugmyndar hefur átt sér stað á landinu.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Farið verði af stað með verkefnið Kona Evrópu í Reykholtssdal. Valin verði kona Evrópu á fjögurra ára fresti. Styttur verði reistar af landsþekktum konum.

Ný fyrirtæki: Fræðasetur um sögu íslenskra kvenna fyrr og síðar.

Nýjar vörur: Alþjóðleg kvennaráðstefna. Styttur verði reistar af landsþekktum konum.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru ferðamenn, ferðaþjónustuaðilar, framleiðendur, skólar, listamenn, hönnuðir, konur um allan heim og áhugafólk um sögu.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Möguleg tenging við „dulúð“ þjóðgarðsins Snæfellsjökull.

Aðgerðir: Þróa hugmyndina. Byggja á Reykholti. Markaðssetning. Kjósa “nýja” konu á 4 ára fresti.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Menntaáætlun, ferðamálaáætlun, nýsköpunaráætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Jafnréttisstofa og Mannréttindaráðuneytið gætu unnið þessu verkefni brautargengi á alþjóðlegum vettvangi. Símenntunarmiðstöðvar gætu boðið upp á námskeið þessu tengt.

Þjóðfundur **Vesturlandi** Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: **Sjávarföll í Hvammsfirði – óvirkjuð orka**

Staða sérstöðunnar nú:

Búast má við stöðugt vaxandi eftirspurn eftir orku, bæði til almennra neytenda og fyrirtækja. Þá mun „græn“ orka verða sérstaklega eftirsótt.

Á Vesturlandi er gott aðgengi að raforku og heitu vatni á Akranesi, í Hvalfirði og Borgarfirði. Hinsvegar er það ekki eins gott á utanverðu Snæfellsnesi og í Dölum og orkutap í dreifikerfi mikið. Breiðafjörður er mjög hentugur fyrir sjávarfallavirkjun. Hann hefur mikla sérstöðu varðandi sterka strauma og sjávarföll. Þar myndast einnig sterkir straumar milli skerja og eyja.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Virkja sjávarföll í Breiðafirði.

Ný fyrirtæki: Sjávarfallavirkjun í Breiðafirði.

Nýjar vörur: Raforka.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru heimili og fyrirtæki. Rannsakendur á virkjun sjávarfalla, framleiðendur vélbúnaðar og allir þeir sem taka þátt í þróun og smíði virkjunar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Hafa samband við orkuframleiðendur.

Aðgerðir: Kynning. Kynna þetta orkuframleiðendum.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Vísinda- og tækniáætlun, áætlun í nýtingu orkulinda, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Nýsköpunarmiðstöð getur komið að hugmynda-, rannsóknar- og undirbúningsferlinu.

Sérstaða: **Breiðafjörður – uppspretta tækifæra*****Staða sérstöðunnar nú:***

Á Íslandi eru mörg landsvæði með mikla sérstöðu. Breiðafjörður er eitt þeirra. Fyrst má nefna hinar „óteljandi“ eyjar. Þá var fjörðurinn kallaður matarkista Evrópu fyrr á öldum. Það vísar til einstaks lífríkis og má þar bæði nefna sjávarfang og fuglalífið sem er einstakt hvað fjölbreytni varðar.

Í dag eru stundaðar hefðbundnar veiðar í Breiðafirði. Auk þess er sæbjúga veitt og unnið í Grundarfirði og þari nýttur á Reykhólum. Þá er verið að gera tilraunir til að veiða ígulker, rækta krækling og nýta söl og þara sem matvöru. Skipulögð ferðapjónusta nýtir sér fjölbreytni í sjávarfangi eða sérstakt fuglalíf fjarðarins að nokkru leyti. Má þar nefna fyrirtæki sem bjóða upp á skipulagðar náttúruskoðunarferðir og Sæferðir sem bjóða upp á ferðir um eyjarnar. Þá er fiskasafn með lifandi fiska og sjávarlífverur í Snæfellsbæ. Náttúrstofa Vesturlands og Sjávarannsóknarsetrið Vör eru til staðar vegna þessarar sérstöðu. Einnig eru eldfjalla- og vatnasöfn í Stykkishólmi angar af þessu tagi.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Siglingar og sjávarfang á Breiðafirði. Nýta auðlindir Breiðafjarðar betur.

Nýjar vörur: Leiðsögn, gisting, veitingar, þjónusta, minjagripir og listaverk. Sjávarfang; þang, þari, söl, skelfiskur, sæbjúga, selur, fugl og egg. Dúnn, ferðir, sjó- og strandstangveiði, rannsóknarverkefni og orka úr sjávarföllum.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru ferðapjónustan, útivistarfólk, ferðamenn (innlendir og erlendir), kajakafólk og öfgaíþróttamenn. Veitingaaðilar, matgæðingar, matvælaíðnaðurinn og íbúar. Stangveiðimenn, fuglaskoðarar, hvalaskoðarar og hestamenn. Kvikmyndagerðarmenn, UFO-ástmenn og nýaldarhyggjumenn Jules Vernes áhugafólk. Listamenn, handverksmenn, sagnamenn og hönnuðir. Einnig atvinnulífið og mennta- og rannsóknasamfélagið.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins: Samstarf hagsmunaaðila.

Aðgerðir: Stofnun klasa. Byggja upp aðstöðu. Fræðsla og miðlun um lífríki Breiðafjarðar. Leiðsögn, markaðssetning og vöruþróun. Útflutningur. Fleiri veitingahús og aðstaða fyrir listamenn (vinnustofur). Vetrarferðir og þjónusta. Skipulag og merkingar fyrir víðavangshlaup og skipulagðar siglingar.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Vísinda- og tækniáætlun, áætlun í nýtingu orkulinda, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun, byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og ferðamálaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Umhverfisráðuneyti hugi að álagsþoli Breiðafjarðar

Þjóðfundur **Vesturlandi**

Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Jarðfræði svæðisins – öll jarðsaga Íslands

Staða sérstöðunnar nú:

Jarðfræði Íslands er sérstök. Það hefur vakið áhuga bæði fræði- og ferðamanna. Á Vesturlandi er sérstaða mikil að þessu leyti, einkum á Snæfellsnesi.

Þessi sérstaða hefur lítið verið nýtt til atvinnuuppbyggingar. Þó má nefnda Eldfjallasafn í Stykkishólmi og Þjóðgarð í Snæfellsbæ.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Nýting á sérstakri jarðfræði á Vesturlandi.

Nýjar vörur: Leiðsögn, hellaskoðun, fræðsluferðir og námskeið.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru fræðimenn, ferðaþjónustuaðilar, skólar, kvikmyndagerðarmenn, listamenn, hönnuðir, handverksmenn og íbúar.

Aðgerðir: Stofnun klasa. Byggja upp aðstöðu. Fræðsla og miðlun um jarðfræði svæðisins. Merkingar á svæðinu. Stýrt aðgengi og eftirlit. Markaðssetning. Merktir göngustígar. Efling þjóðgarðsins. Kortagrunnur.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Menntaáætlun, vísinda- og tækniáætlun, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun, byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og ferðamálaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Háskóli Íslands gæti komið að hagnýtum rannsóknarverkefnum nemenda og akademískra starfsmanna, hugmyndinni til stuðnings.

Þjóðfundur Vesturlandi Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Grunnafjörður – Votlendi Mýranna (dulúð)

Staða sérstöðunnar nú:

Á Íslandi eru mörg landsvæði með mikla sérstöðu. Grunnafjörður og Mýrar eru dæmi um það. Grunnafjörður hefur mjög fjölbreytt fuglalíf og eitt þriggja svæða á landinu sem eru svokölluð Ramsa-svæði. Á Mýrum er víðfeðmt svæði votlendis sem er náttúruperla, með fjölbreyttu lífríki og fallegu strandsvæði. Saga Mýranna er mikil og rík. Dulúð einkennir Mýrar með samspili álfaborga og nykra í mýrartjörnum. Þarna eru eyjar, varplönd, sögubæir (hjáleigur) og sjávarfang.

Þessi sérstaða hefur ekki verið nýtt til atvinnusköpunar með skipulögðum hætti.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Nýting á Grunnafirði og votlendi Mýranna.

Nýjar vörur: Vísindaferðir, æfingasvæði fyrir slökkvilið, fuglaskoðun, hjólreiðar, leiðsögn, mótorhjólaferðir og söguferðir.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru vísindamenn, fuglaskoðarar, náttúruunnendur, veiðimenn og vísindamenn. Listamenn og kvikmyndagerðarmenn. Íbúar, landeigendur, ferðamenn, ferðaþjónustan og veitingaaðilar,

Aðgerðir: Staðfesting aðalskipulags. Verndaráætlun. Markaðssetning og kynning. Bæklingar og kort. Uppbygging aðstöðu. Fræðsla og miðlun. Merkingar á svæðinu. Stýrt aðgengi og eftirlit.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Vísinda- og tækniáætlun, áætlun í nýtingu orkulinda, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun, byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og ferðamálaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Náttúrvísindastofnun og Háskóli Íslands gætu komið að þróun hugmyndarinnar. Rannsóknarverkefni akademískra starfsmanna og nemenda gætu nýst.

Þjóðfundur Vesturlandi Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Deildatunguhver – vatnsmesti hver Evrópu

Staða sérstöðunnar nú:

Deildatunguhver er vatnsmesti hver í Evrópu. Upphitun húsa og heimsóknir ferðamanna er sú nýting sem á sér stað í dag. Ef marka má framreikning talna byggða á vegamælingum þá kunna um 82.000 ferðamenn að koma að hvernum á hverju ári. Þá er vatnið nýtt til iðnaðar að einhverju leyti í sýslunni allri.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Nýting á Deildatunguhver.

Ný fyrirtæki: Baðhús.

Nýjar vörur: Baðaðstaða, jarðböð, ylrækt, minjagripagerð, húshitun, fræðsla og sköpun.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru ferðamenn (innlendir og erlendir), heilsuferðamenn, náttúruunnendur, nýaldarfólk og nautnaferðamenn. Hönnuðir, íbúar, matvælaíðnaður, þjónustuiðnaður, söguáhugafólk, vísindamenn og rannsóknaaðilar.

Samstarf við önnur svæði / stofnanir innan og utan svæðisins:

Aðgerðir: Reisa baðhús og byggja upp aðstöðu (gisting, veitingar). Markaðssetning fyrir vellíðunarferðamenn. Tengja við skipulagðar ferðir frá höfuðborgarsvæðinu (rútum). Markviss markaðssetning.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Vísinda- og tækniáætlun, áætlun í nýtingu orkulinda, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun, byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og ferðamálaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Atvinnuráðgjöf Vesturlands gæti lagt til arðsemisgreiningarvinnu og rekstraráætlanir.

Staða sérstöðunnar nú:

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er einstök náttúruperla. Eldfjallið er þekkt á heimsvísu með sögu Jules Verne. Þetta er þjóðsagnakennd eldstöð með alþjóðlegri bókmenntatengingu. Ýmsar frægar persónur eru tengdar svæðinu. Þar má nefna Bárð Snæfellsás, Guðríði Þorbjarnardóttur, Kolbein Jöklaskáld, Björn Breiðvíkingakappa, Halldór Laxness og fleiri.

Nýting á svæðinu er nokkur fyrir ferðapjónustu. Þjónusta og afþreying er einnig í boði fyrir ferðamenn rétt utan við þjóðgarðinn á Búðum, Arnarstapa, Hellnum, Hellissandi, Ólafsvík og nokkrum sveitabæjum. Boðið hefur verið upp á snjósleðaferðir upp á Snæfellsjökul í bráðum 30 ár. Gestastofa þjóðgarðsins er að Hellnum en aðstaða þjóðgarðsvarðar á Hellissandi. Um árabíl var vikurnám úr jöklinum.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Stækkun þjóðgarðsins þannig að hann innihaldi landbúnað, sjávarútveg og ferðapjónustu. Huga þarf einnig að nýtingarmöguleikum í kjölfarið.

Ný fyrirtæki: Engin nefnd.

Nýjar vörur: Leiðsögn, gisting, veitingar, þjónusta, skíðasvæði, minjagripir, listaverk, aðstaða fyrir listamenn (vinnustofur), vetrarferðir og þjónusta utan háannatíma. Vatnið frá jöklinum (undan), berjaland, siglingar og jöklaferðir. Þjóðsögur og bókmenntir. Giftingarferðir, gönguferðir og snjósleðaferðir.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru ferðamenn (innlendir og erlendir), útivistarfólk, náttúruunnendur, ferðapjónustuaðilar og íbúar. Listamenn, hönnuðir, handverksfólk, nýaldarhyggjufólk, Jules Vernes áhugafólk, UFO ástmenn og öfgaípróttamenn. Áhugafólk um jarðfræði, fræðimenn og skólar.

Aðgerðir: Gera þjóðgarðinn sjálfstæðan. Vinna með og sannfæra hagsmunaaðila á svæðinu. Aðlaga atvinnulífi á svæðinu. Markaðssetning. Ímyndarvinna í auglýsingum og kvikmyndum. Skipulag og merkingar fyrir hlaup og aðrar íþróttir. Byggja upp þjónustu við þá sem sækja þjóðgarðinn heim. Tengja matarmenningu og sögu svæðisins. Framleiðsla og sala á minjagripum. Semja og selja fræðsluefni.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Vísinda- og tækniáætlun, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun, byggðaáætlun, samgönguáætlun, fjarskiptaáætlun og ferðamálaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Umhverfisráðuneytið kanni hvort hugmyndin rúmist innan laga um umgengni og nýtingu auðlinda innan þjóðgarða og hvort það mætti breyta þeim ef svo er ekki.

Þjóðfundur Vesturlandi Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Griðungurinn - ímynd Vesturlands

Staða sérstöðunnar nú:

Griðungurinn stendur fyrir Vesturland í Skjaldamerki Íslands. Þau svæði sem hafa Green Globe vottun eru talin sjálfbær. Á Vesturlandi er fjölbreytt náttúra og strjálbýlt. Þar eru miklar náttúruauðlindir og sérstakar náttúruperlur.

Á Vesturlandi hefur Snæfellsbær þegar fengið Green Globe vottun. Ennfremur hefur slík vottun verið rædd fyrir Snæfellsnesið allt. Ætla má að votta mætti fleiri staði á Vesturlandi með þessum hætti. Lítið annað hefur verið gert til að skapa Vesturlandi sérstaka ímynd sem nýta mætti í þágu atvinnulífsins.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Þessi hugmynd er tvöföld:

- Griðungurinn í Skjaldarmerkinu er tákn Vesturlands (sbr. frelsisstyttu). Getur orðið vörumerki Vesturlands og sameiningartákn.
- Ráðist verði í að fá vottun Green Globe víðar á Vesturlandi. Að vottunin verði sýnilegri og nýtist þar með atvinnugreinum á svæðinu.

Nýjar vörur: Unnið verði nýtt vörumerki Vesturlands byggt á griðungnum, tákn Vesturlands í skjaldamerki lýðveldisins.

Nýir markaðir: Markhópurinn sem líklegastur er að geta nýtt sér slíkt vörumerki eru ferðaþjónusta, framleiðendur, skólar, listamenn og hönnuðir.

Aðgerðir: Hugmyndasamkeppni um risavaxna styttu. Gera styttu. Hugmynda- og vörubrúun í kjölfarið.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Menntaáætlun, ferðamálaáætlun, nýsköpunaráætlun og byggðaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Útflutningsráð gæti stutt þetta verkefni með þekkingu sinni á markaðsmálum erlendis.

Þjóðfundur Vesturlandi

Vægi í forgangi: _____

Sérstaða: Matarkistan Vesturland

Staða sérstöðunnar nú:

Á Vesturlandi er fjölbreytt lífríki og búskaparhættir sem gefur færi á sérstöðu í matvælaframleiðslu. Lífríki Breiðafjarðar er einstakt og býður upp á ógrynni möguleika.

Akranes og Snæfellsnes liggja vel við gjöfum fiskimiðum og hafa verið verstöðvar frá landnámi. Hvalveiðar og vinnsla hafa verið stundaðar með skipulögðum hætti í að a.m.k. 150 ár á Íslandi. Sjómenn við Breiðafjörð hafa sótt í smáhveli og þá er eina hvalstöð landsins rekin í Hvalfirði.

Ýmis sérstaða er eða mætti skapa í matvælaframleiðslu á Vesturlandi. Þar má nefna lax, bol- og skelfisk, hvala-, sela-, geitaafurðir, ölkelduvatn, söl og skarvakál svo eitthvað sé nefnt.

Hugmyndir sem fram komu á þjóðfundi sem nýst geta til áframhaldandi þróunar

Auka nýsköpun í matvælaframleiðslu og hanna „local food“ línu fyrir Vesturland byggða á sérstöðu svæðisins í aðgengi að hráefni og matarsögu.

Nýjar vörur: Frostþurrkun, sólþurrkun eða ofnþurrkun á sölvum og skarvakáli. Vinna afurðir á umhverfisvænan hátt. Markaðssetning sem umhverfisvæn ofurfæða. Þá var talið til kjöt, mjöl, lýsi, rengi, bein, skinn og aðrar hvalaafurðir. Einnig ostur, pate og geitamjól sem hentar börnum með mjólkuróþol. Sú skoðun var viðruð að kanna grundvöll fyrir ylækt. Ölkelduvatn er sérstaða á Snæfellsnesi. Kræklingur, ígulker, þörungar og afurðir úr jurtum voru einnig nefndar.

Nýir markaðir: Markhóparnir eru ferðapjónustuaðilar, ferðamenn, almennir neytendur, veitingarstaðir og gestir þorablóta. Fyrirtæki í veiðum, fyrirtæki í vinnslu, þjónustufyrirtæki kring um starfsemina, dreifingar og fullvinnsluaðilar og fyrirtæki sem selja heilsuvörur. Þjóðminjasafnið og fræðimenn. Matgæðingar, meðvitaðir neytendur og einstaklingar með óþol.

Aðgerðir: Endurskoða framleiðsluferla og hanna nýja. Vöruþróun. Markaðssetning. Byggja upp þekkingu og afla einkaleyfa þegar við á. Leit nýrra tegunda. Styðja við frumkvöðlastarf með ráðgjöf og rannsóknastyrkjum. Bæta samvinnu um búnað og tæki. Nýta sjálfbærnivottað samfélag (Green Globe). Tengja við heilsufæði og ofurfæði. Tengja við kynheilsu. Viðhalda góðri umgengni og efla meðvitund íbúa. Þá mætti einnig huga að möguleikum á sviði lífrænnar ræktunar.

Hvaða áherslum þyrfti Sóknaráætlun 20/20 að koma inn í áætlanir hins opinbera til stuðnings sérstöðunni?

Vísinda- og tækniáætlun, menntaáætlun, nýsköpunaráætlun, umhverfisáætlun, byggðaáætlun, ferðamálaáætlun, menningaráætlun og ferðamálaáætlun.

Annar stuðningur stoðkerfis og stjórnsýslu

Sjávarútvegsráðuneytið kanni hvort ekki þurfi að rannsaka beitarþol skarvakáls og sölva. Þá þarf ráðuneytið að huga að áframhaldandi leyfisveitingu fyrir hvalveiðum og utanríkisráðuneytið að taka upp málstað starfseminnar á alþjóða vettvangi.

Til úrvinnslu eftir 25. mars 2010

Markmið

Markmið um árangur í tengslum við uppbyggingu í greininni. Hér eru **dæmi** um slíkt. Þessi hluti er til útfyllingar eftir 25. mars 2010.

Mælikvarðar á árangur	Staða nú	2015	2020
Velta			
Verðmætasköpun (laun+hagnaður)			
Störf í heild			
Störf við fræðslu, rannsóknir og þróun			
Meðallaun í greininni			
Fjárfesting / Eignir – fyrirtækja í grein			
Skuldir – fyrirtækja í grein			

Næstu skref

Aðgerð	Umsjón	Lokið
Verkefni 1		
Verkefni 2		